12 MORGUNBLAÐIÐ, LAUGARDAGUR 24. JÚLÍ1982

Framkvæmdanefnd sýningarinnar, Ulio fri vinstri: Friorik G. Frioriksson, Kggert Asgeirsson formaður, Sverrir
Kristinsson og Hrafnhiidur Schram, sem verio hefur nefndinni til aontodar. Á myndina vantar þau Aslaugu Sverrisdóttur og Finn Fróóason. Ljósm. Emilía Bj. Björnsdóttir.

Oft er gott það er gamlir kveða

Sýning á íslenskri alþýðulist á Kjarvalsstöðum
ÍSLENSK alþýðulist er yfirskrift sýningar, sem nú stendur
yfir á Kjarvalsstöðum. Sýningin er haldin að tilhlutan þing-
kjörinnar nefndar í tilefni árs fatlaðra, og Öldrunarráðs Is-
lands, og er henni skipt í tvennt, þar sem annars vegar er
myndlist eftir fjölmarga listamenn, og hins vegar handmennt-
ir margs konar. Auk þess eru á sýningunni gripir eftir hina kunnu listamenn Ásmund Sveinsson og Sigurjón Ólafsson, er heiðra sýninguna þannig með verkum sínum.

hafa fremur valið ullarband og
vefstól eða penðil, liti og léreft til
þessarar iðju. List þeirra er svo-
kölluð alþýðulist og með henni
hafa þeir gefið okkur kost á því að
njóta með sér hluta þess „ávaxtar"
sem áður er til vitnað. Sumir úr
þessum hópi tilheyra þeim sem
eru nefndir naivistar. Einlægni er
eitt megineinkennið á verkum
þeirra. I þessum fáu línum verður
ekki lagt neins konar listrænt mat
á gildi sýningarinnar. Slíkt er sýn-
ingargesta. Hins vegar verður
ekki staðist að varpa fram þeirri
spurningu hvort þau verk sem
unnin eru af einlægni séu sönn
list. í sýningarskrá frá 1962 ritar
Björn Th. Björnsson listfræðingur
eftirfarandi um alþýðulist: „Marg-
ar fremstu listmenningarþjóðir
heims hafa eignazt frábæra al-
þýðumálara, svonefnda naivista.
Með hispurslausu sjálfræði sýna
þeir okkur gjarnan hlutina á hinn
óvæntasta hátt, rata ævintýralega
stigu þar sem aðrir sáu ekki nema
venjugróna slóð. Þann skilning
getur enginn lagt sér til. Hann
verður að spretta innra með
manni sem ósnortinn er af allri
venju, manni sem hefur til brunns
að bera ósvikna listræna gáfu."

Sumir þeirra erfiðismanna sem
fyrst hafa gripið penna í hönd og
ritað minningar sínar að
brauðstriti afloknu hafa skapað
verk sem teljast fullgild á akri ís-
lenskra bókmennta. Höfum við ef
til vill eignast einhver slík verk í
heimi íslenskrar myndlistar, unn-
in með pensli, litum og lérefti eða
ullarbandi og vefstól? Af fram-
anskráðu má það ljóst vera að vel
er við hæfi að efna til sýningar á
íslenskri alþýðulist á ári aldraðra.
Megi það enn sannast að „oft er
gott það er gamlir kveða"."

Bestu verkin ef til

vill heima í stofu?
Hrafnhildur Schram listfræð-
ingur hefur verið sýningarnefnd-
inni til aðstoðar við val verka og

Meðalaldur hækkað

úr 31,9 árumí 73,7 ár
í ávarpi í sýningarskrá segir
Páll Sigurðsson ráðuneytisstjóri i
heilbrigðis- og tryggingaráðuneyt-
inu svo:
„Tuttugasta öldin er öld gamla
fólksins. Aldrei áður í sögu heims-
ins hafa jafn margir náð eins há-
um aldri og nú. Sem dæmi um
þessa þróun hér á landi má nefna
að á árunum 1950—1860 voru með-
alævilíkur kvenna 37,9 ár og karla
31,9 ár. Nú eru meðalævilíkur
kvenna 79,7 ár og karla 73,7 ár. En
þessi þróun er ekkert einsdæmi.
Alls staðar í heiminum fer öldruð-
um fjölgandi. í þróunarlöndunum
er þessi staðreynd þó mest áber-
andi og á sama tíma gerast þar
örar þjóðfélagsbreytingar sem í
mörgum tilvikum grafa undan
hefðbundnum hlutverkum aldr-
aðra.
Með þessar staðreyndir í huga
var flutt tillaga og samþykkt á
allsherjarþingi Sameinuðu þjóð-
anna um að á árinu 1982 skyldi
haldin heimsráðstefna um öldrun.

Átti ísland aðild að þeim tillögu-
flutningi. Ráðstefna þessi mun
hefjast þann 26. júlí nk. og er til-
gangur hennar sá að hleypt verði
af stokkunum alheimsátaki í mál-
efnum aldraðra með það fyrir
augum að tryggja félagslega og
efnahagslega velferð þeirra og
stuðla að aukinni þátttöku aldr-
aðra í þjóðfélaginu.
Elliárin eru viðkvæmur aldur.

Öldrun fylgir fyrr eða síðar hrörn-
un sem ryður sjúkdómum braut,
þó ellin sjálf sem slík valdi ekki
sjúkdómum. En menn eldast mjög
misjafnlega. Margir, sem náð hafa
gamals aldri eru líkamlega og
andlega hraustir og aldraðir hafa
margsinnis sýnt fram á að þeir

geta skilað góðu dagsverki og þar
með þjóðfélaginu talsverðum arði.
Aldraðir hafa í mörgum tilvikum
unnið afreksverk, t.d. á sviði lista
og vísinda.
Sú sýning sem nú er hér á
Kjarvalsstöðum er glöggt dæmi
um hverju aldraðir fá áorkað eftir
að hefðbundnu ævistarfi lýkur."

Naivistar meðal

alþýðulistamanna.
Framkvæmdanefnd sýningar-
innar skipa þau Eggert Ásgeirs-
son, sem er formaður, Áslaug
Sverrisdóttir, Finnur Fróðason,
Friðrik G. Friðriksson og Sverrir
Kristjánsson.
Sverrir ritar í sýningarskrána
um íslenska alþýðulist, og segir
þar meðal annars:
„Skömmu eftir að sýningu á
verkum skólagenginna listamanna
lauk þar sem við nú stöndum var
hafist handa um að safna hingað
verkum svonefndra alþýðulista-
manna. Einu sinni var sagt að all-
ar leiðir lægju til Rómar! sama
mætti segja um listina. Vegur
þeirra sem hér sýna hefur einkum
legið til listarinnar um skóla lífs-
ins. í bókinni „Um ellina" eftir
Cicero segir: „Vorið er tákn æsk-
unnar og lofar uppskeru síðar
meir. Hinar árstíðirnar eru ætlað-
ar til að skera upp og njóta ávaxt-
anna. Ávöxtur eilinnar er, svo sem
ég hef hvað eftir annað tekið
fram, endurminning um gnægð
"þeirra gagna sem fyrrum var afl-
að."
Á síðari hluta æviskeiðsins
eykst oft þörfin á því að tjá sig og
gefa öðrum kost á því að kynnast
endurminningunni eða hugðarefn-
unum. Margir grípa þá penna í
hönd og skrá ævisögu sína eða
yrkja ljóð. Þeir sem hér eiga verk

Þessi litli stokkur lætur ekki mikið yflr íer, en þó er hann trúlega einn merkasti gripur sýningarinnar. Þetta er smástokkur með trénöglum, eftir Bólu-Hjálmar. Þetta er trúlega elsti gripur, sem þekktur er eftir Bólu-Hjilmar, fri 1813, úr beyki. Hann er í einkaeign, og hefur ekki verið sýndur opinberlega fyrr.

uppsetningar sýningarinnar á
Kjarvalsstöðum. í samtali við
blaðamann Morgunblaðsins sagði
hún, að hér á landi hlyti að vera
óhemjumikið til af alþýðulist
margs konar.
„Hér er oft á ferðinni listrænt
fólk, sem vegna anna við brauð-
stritið hefur ekki sinnt áhugamáli
sínu fyrr en það' er komið á efri
ár," sagði Hrafnhildur, „það er
misjafnt hvað fólk tekur sér fyrir
hendur, en þetta má allt kalla „al-
þýðulist" eða „heimilislist" eða
hvað sem fólki kann að þykja best.
Það er líka mjög mismunandi
hvað það er sem fólk vinnur úr.
Sumir eru í útskurði, aðrir í
myndlist, vefnaði og yfirleitt öllu
sem nöfnum tjáir að nefna. Þetta
hefur breyst talsvert nú síðustu
árin, eftir að auðveldara er orðið
að ná í ýmsa hluti til listiðkunar,
svo sem liti. Listmálun er því orð-
in algeng núna, en áður var það
meira horn, bein og tré, sem unnið
var úr."

— Er þessi alþýðulist eitthvað
séríslenskt fyrirbæri?
„Nei, alls ekki. Alþýðulist í þess-
um dúr er þekkt með flestum þjóð-
um, og það er merkilegt hvað hún
er lík þo langt sé í milli þjóðland-
anna. Það er í henni barnsleg ein-
lægni, þessir listamenn sjá heim-
inn oft með öðrum augum en aðr-
ir, og það er það sem gefur þessari
list einna mest gildi. — Það ber
svo að hafa í huga við þessa sýn-
ingu, að hér er ekki á ferðinni yfir-
litssýning íslenskra alþýðulista-
manna, heldur er þetta sýnishorn
af því sem til er."
Eggert Ásgeirsson, formaður
sýningarnefndarinnar, tók í sama
streng, og sagði hugsanlegt að
bestu verkin væru heima í stofu,
án þess að um þau væri vitað, eða
að áhugi væri á að sýna þau opin-
berlega. „Ég held þó að meira og
meira af þessu sé að koma fram í
dagsljósið," sagði Eggert. „Fólk
var mjög feimið við þetta, en
brautin var að vissu leyti rudd af
ísleifi Konráðssyni, og þeim er á
eftir koma hefur oftast verið vel
tekið. Okkur er þó vitaskuld ljóst
að mörg góð verk og mikilhæfir
listamenn liggja óbættir hjá
garði, en samt þykir okkur vænt
um að hafa átt þátt í að koma
þessum verkum fyrir almenn-
ingssjónir hér með þessari sýn-
ingu."

Frá Kólu-I Ijálmari
til okkar daga
Á sýningunni getur að líta verk
bæði látinna listamanna og þeirra
er enn vinna að list sinni, en á
sýningunni eru verk eftirtalinna:
Jóns Hróbjartssonar, Ámunda
Jónssonar, Sölva Helgasonar,
Hjálmars Jónssonar frá Bólu,
Halldórs Jónssonar frá Akureyri,
Kristins Ástgeirssonar, Jóns Stef-
ánssonar frá Möðrudal, Gísla
Jónssonar frá Búrfellskoti, Samú-
els Jónssonar frá Selárdal, Ólafar
Grímeu Þorláksdóttur (Grímu),
Stefáns Jónssonar frá Möðrudal,
Sæmundar Valdimarssonar, ís-
leifs Konráðssonar, Óskars Magn-
ússonar, Blómeyjar Stefánsdóttur,
Eggerts Magnússonar, Gunnþór-
unnar Sveinsdóttur og þeirra
Ásmundar Sveinssonar og Sigur-
jóns Ólafssonar, sem áður er getið.
Enn eru svo nokkur verk eldri, eft-
ir ókunna höfunda, í eigu Þjóð-
minjasafns og fleiri aðila.

Vinna úr járni, tré,
steini, uII og jurtum.
Handmenntasýningin er í öðr-
um sal Kjarvalsstaða, og þar eru
eingöngu sýnd verk núlifandi
fólks. Þau sem sýna eru Vilhjálm-
ur Hinrik ívarsson á Merkinesi í
Höfnum, Jóhanna Jóhannesdóttir
á Svínavatni í A-Hún., Markús
Jónsson á Borgareyrum undir
Eyjafjöllum, Þorsteinn Diomed-
esson á Hvammstanga, Guðbrand-
ur Magnússon á Siglufirði, Sigurð-
ur Guðjón Filippusson á Hóla-
brekku í Mýrarhreppi í A-Skaft.,
Árný Þorleifsdóttir og Frímann
Sigurðsson í Sunnuhlíð í Bessa-
staðahreppi, Ingibjörg Tryggva-
dóttir á Húsavík, Eymundur
Björnsson á Dilksnesi í Nesja-
hreppi, A-Skaft. og Sigurður Fil-